

SAMSTARFSNEFND UM ENDURMENNTUN FRAMHALDSSKÓLAKENNARA; SEF

Ársskýrsla 2014

Hlutverk SEF er að ráðstafa því fé sem menntamálaráðuneytið úthlutar til endurmenntunar framhaldsskólakennara ár hvert. Nefndin fer yfir umsóknir og gerir tillögur um styrkveitingar. Nefndin mótar jafnframt stefnu sjóðsins, m.a. tegund verkefna sem styrkt eru og verklagsreglur.

Stjórn SEF árið 2014 skipuðu:

- Sigurjón Mýrdal, fulltrúi menntamálaráðuneytis og formaður nefndarinnar
- Edda Kjartansdóttir, fulltrúi Háskóla Íslands
- Kristinn Þorsteinsson, fulltrúi Félags íslenskra framhaldsskóla
- Anna María Gunnarsdóttir og Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, fulltrúar Félags framhaldsskólakennara.

Nefndin hélt 7 fundi á árinu

- 17. janúar (nefndarfundur)
- 13. febrúar (nefndarfundur og úthlutunarfundur sumarnámskeiða)
- 11. apríl (nefndarfundur)
- 11. júní (nefndarfundur)
- 25 september (nefndarfundur)
- 6. nóvember (formannafundur faggreinafélaga)
- 22. desember (nefndarfundur)

Starfsemi

Í ár afráð stjórn SEF að festa í sessi styrkveitingar til einungis tveggja styrkjaflokka: sumarnámskeiða og gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja. Umsóknarfrestur sumarnámskeiða var 31. janúar 2014, og gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja voru tveir: 10. júní og 1. desember 2014.

Í árslok ákvað stjórnin að flytja tæplega 10 miljónir yfir á 2015 vegna tveggja verkefna sem eru nú í undirbúningi. Annars vegar er stefnt að því að koma á fót einingabæru námi í háskólum fyrir kennara. Hins vegar er áformað að hefja vettvangsnám í stærðfræðikennslu næsta skólaár. Eru viðræður um þessi mál í gangi sem stendur.

Umsýslu sjóðsins annaðist Margrét K. Sverrisdóttir (Rannís) þar til að Sigrún Ólafsdóttir (Rannís) kom aftur úr fæðingarorlofi í ágúst 2014. Rannís sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfraði, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og greiðslur styrkja.

Fjárhagsuppgjör

Fjárhagsstaða sjóðs SEF desember 2014

Af fjárlagalið (áætlað)	36.000.000
Aukafjárveiting vegna kjarasamninga	5.000.000
<u>Fært frá 2013</u>	<u>790.000</u>
	41.790.000

Útgjöld

Sumarnámskeið	19.816.013
Ferðakostnaður fyrir kennara utan að landi (áætlun)	1.100.000
Gestafyrirlestra og ráðstefnustyrkir júní	300.000
Gestafyrirlestra- og ráðstefnustyrkir nóvember	8.170.000
Umsýsla Rannís	2.427.500
Aukastyrkur fyrir STÍL vegna afmælishátíðar	350.000
<i>Afgangur sem verður færður á 2015</i>	
Vettvangsnám	4.800.000
Einingabært nám í háskólum	4.800.000
	<u>41.763.513</u>

Sumarnámskeið

Haldið var 21 sumarnámskeið og samtals 419 kennarar sóttu námskeiðin. Meðaldagafjöldi námskeiða var 3 dagar. 5 námskeið voru haldin í útlöndum, 10 hjá EHÍ og 6 hjá öðrum bókhaldsskyldum stofnunum. Nánari upplýsingar um sumarnámskeiðin má sjá í viðauka 1.

Námskeiðshaldari	Nafn - Fagfélag	Heiti námskeiðs
Endurmenntun HÍ	Fagfélag hársnyrtikennara	Pivot point með Nancy Norheim
Endurmenntun HÍ	Félag frönskukennara á Íslandi	Pédagogie de l'oral: favoriser les interactions en classe de FLE
Endurmenntun HÍ	Félag raungreinakennara	Stjarneðlisfræði
Endurmenntun HÍ	Félag starfsbrautakennara í framhaldsskólum-FSF	Rafrænir kennsluhættir

Endurmenntun HÍ	FLÍF-Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum	Hvernig kennum við fjármálalæsi
Endurmenntun HÍ	Samtök líffræðikennara, Samlíf	Örverufræði
Endurmenntun HÍ	Samtök List- og hönnunarkennara á framhaldsstigi	Námskeið í grafík og bókagerð
Endurmenntun HÍ	Samtök móðurmálskennara	Rödd, raddbeiting og frásagnarlist
Endurmenntun HÍ	Samtök sálfr/uppeldisfr kennara	Nýtt námsefni – nýjar hugmyndir
Endurmenntun HÍ	STÍL, samtök tungumálakennara	Mat á munnlegri færni A2, B1, B2
LHÍ Listkennsludeild	Félag íslenskra myndlistarkenn	Þrívíð lita- og formfræði
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	3f, félag um uppýsingatækni og menntun	Upptökur og miðlun efnis
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	FATEX, félag fata- og textílkennara í framhaldsskólum	Stafræn hönnun í textílkennslu
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi	Félag íslenskra framhaldsskóla FÍF	Heilsuefning í framhaldsskólum
Klifið - Skapandi fræðslusetur	Félag íslenskra kennara í nýsköpunar og frumkvöðlamennt	Eflandi kennslufræði nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar
Verzlunarskóli Íslands ses.	Samtök kennara í viðsk-/hagfrgr	Viðskiptasiðferði og samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja
Útlönd	Félag kennara í málmíðngreinum	Aflstuðull í fjölfasa rafmagni skipa.
Útlönd	Félag dönskukennara	Litteratur undervisning og den digitale udvikling
Útlönd	Félag enskukennara á Íslandi (ATEI/FEKI)	Bringing Literature Alive: The Wild Woods of England
Útlönd	Félag þýskukennara á Íslandi	Fortbildungskurs Aktuelle Landeskunde
Útlönd	Félag Félagsfræðikennara í framhaldsskólum	Menning og stjórnkerfi Skotlands

Gestafyrirlestrar og ráðstefnustyrkir

Um er að ræða tvenns konar styrki: annars vegar veita faggreinafélögum og menntaskólum styrk til að senda eina manneskju á ráðstefnu, og hins vegar styrk til að bjóða gestafyrirlesara til að halda

fyrirlestur. Í fyrri umsóknarlotu, 10. júní 2014, var sótt um 1 ráðstefnustyrk og 5 gestafyrirlesarastyrki. Hlutu allir umsækjendur styrk:

Félag enskukennara FEKÍ	150.000	Ráðstefnustyrkur
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	30.000	Gestafyrirlesarastyrkur
Félag Félagsfræðikennara í framhaldsskólum	30.000	Gestafyrirlesarastyrkur
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	30.000	Gestafyrirlesarastyrkur
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	30.000	Gestafyrirlesarastyrkur
Félag spænskukennara	30.000	Gestafyrirlesarastyrkur

Seinni umsóknarlota var í nóvember 2014. Ákvað stjórn fyrir þá umferð að breyta reglum lítilla. Ráðstefnustyrkur var hækkaður upp í 200.000 krónur og nú var í boði fyrir framhaldsskóla og faggreinafélög að senda 2 einstaklinga á ráðstefnu erlendis, svo lengi sem það var á sömu ráðstefnu. Fjölgaði umsóknum talsvert og var nú sótt um ráðstefnustyrki fyrir 46 þátttakendur, 20 og gestafyrirlesarastyrki (heildarupphæð umsókna var 9.800.000). Hlutu 40 þátttakendur ráðstefnustyrk og 20 umsækjendur gestafyrirlesarastyrk. Það voru eftirfarandi:

Félag dönskukennara	30.000	1 gestafyrirlesarastyrkur
Félag frönskukennara á Íslandi	200.000	1 ráðstefnustyrkur
Félag raungreinakennara	30.000	1 gestafyrirlesarastyrkur
Félag starfsbrautakennara í framhaldsskólum-FSF	200.000	1 ráðstefnustyrkur
Félag sögukennara	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
Félag um upplýsingat/menntun - 3f	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
Félag þýskukennara á Íslandi	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	30.000	1 gestafyrirlesarastyrkur
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	400.000	2 ráðstefnustyrkir
Fjölbrautaskóli Vesturlands	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	400.000	2 ráðstefnustyrkir
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	400.000	2 ráðstefnustyrkir
FLÍF-Félag lífsleiknikennara í frsk.	400.000	2 ráðstefnustyrkir
Framhaldsskólinn á Húsavík	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	200.000	1 ráðstefnustyrkur
Framhaldsskólinn í Vestmeyjum	200.000	1 ráðstefnustyrkur

Kvennaskólinn í Reykjavík	230.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 1 ráðstefnustyrkur
Menntaskólinn á Akureyri	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
Menntaskólinn á Egilsstöðum	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
Menntaskólinn við Hamrahlíð	200.000	1 ráðstefnustyrkur
Menntaskólinn við Sund	30.000	1 gestafyrirlesarastyrkur
Samtök kennara í viðsk-/hagfrgr	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
Samtök líffræðikennara,Samlíf	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
Samtök móðurmálskennara	30.000	1 gestafyrirlesarastyrkur
Samtök sálfr/uppeldisfr kennara	30.000	1 gestafyrirlesarastyrkur
STÍL,samtök tungumálakennara	430.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 2 ráðstefnustyrkir
Verkmenntaskólinn á Akureyri	230.000	1 gestafyrirlesarastyrkur og 1 ráðstefnustyrkur

Reykjavík 3. mars 2015

Sigrún Ólafsdóttir, Rannís

Félag félagsfræðikennara í framhaldsskólum**Fagfélag:** Félag félagsfrkenn framhskstigi**„Menning og stjórnkerfi Skotlands“****Fjöldi daga:** 5**Fjöldi þátttakenda:** 24**Kennarar**

Elisabeth Burns (Glasgow)

Linda Arthur (Stirling og Edinborg)

Christina McKelvie MSP (Scottish Parliament)

Alan Inglis, Vice Principal Glasgow Kelvin College

Stuart Lowe, Education Worker

Jane Melley, Service Manager at Aberlour Child Care Trust

John Mullin, Referendum editor (BBC Scotland)

Námskeiðslýsing

Menning og stjórnkerfi Skotlands: Stjórnskipan, sjálfstæðisbarátta Skota, ungt fólk, skólakerfið og verkalyðsbarátta Glasgowbúa.

Sunnudagur 8. júní:

3ja klukkustunda fræðsla um uppbygginguna í Glasgow (rútuferð) undir stjórn Elisabeth Burns með áherslu á stöðu verkafólks fyrr og nú.

Mánudagur 9. júní:

Glasgow Kelvin College, East End Campus. Alan Inglis, aðstoðarskólameistari skólans kynnti skólann, skólakerfið og menntastefnuna í Skotlandi. Þátttakendur fengu leiðsögn um skólann og hittu nemendur og kennara úr ýmsum deildum skólans. Kynning á „Community Based Programmes“ sem miða að því að ná til nemenda sem hætt hafa í námi. Stuart Lowe, Senior Community Education Worker kynnti starf sitt og samstarfið við Glasgow Kelvin College.

Aberlour (Scottish childrens charity). Janey Melley, Service Manager tók á móti hópnum og sagði frá verkefni sem hún stýrir. Verkefnið miðar að því að ná til barna og ungmenna sem eru í gengjum í Glasgow. Koma þeim í nám aftur og/eða aðstoða þau við að fóta sig í lífinu. Starfið er unnið í samvinnu við lögregluyfirvöld í borginni. Fund með hópnum sátu einnig fjórir ráðgjafar sem starfa á vettvangi.

Þriðjudagur 10. júní:

Stirling – Edinborg frá 9:00 til 20:00. Ferð undir stjórn Lindu Arthur. Fræðsla um Stirling kastala og hvernig svæðið tengist sjálfstæðisbaráttu Skota. Þaðan var farið til Edinborgar og skoska þingið heimsótt. Fræðsla frá starfsmönnum þingsins um stjórnskipan í Skotlandi. Heimsóknin í þinghúsið var skipulögð af Scottish National Party sem hefur verið leiðandi í

baráttunni fyrir sjálfstæði Skota.. Christina McKelvie MSP hélt erindi um baráttu flokksins fyrir sjálfstæði og þjóðaratkvæðagreiðsluna sem halda á í september 2014. Eftir heimsóknina í þingið var farið í göngu undir stjórn Lindu Arthur (Royal Mile) og Edinborgarkastala.

Miðvikudagur 11. júní:

BBC Scotland: John Mullin ritstjóri. Sagði okkur frá hvernig BBC Scotland fjallar um væntanlega þjóðaratkvæðagreiðslu. Gagnrýni sem BBC Scotland hefur fengið á sig og með hvaða hætti BBC hefur reynt að hvetja ungt fólk til að taka þátt í umræðunni.

Eftir hádegi heimsótti hópurinn ýmis söfn. Björk Þorgeirsdóttir, MA var búin að taka saman upplýsingar (gögn til þátttakenda) um söfn sem tengdust viðfangsefni námskeiðsins. Þátttakendur skiptu sér í hópa og heimsóttu söfn sem tengdust skólamálum, stöðu verkafólks, uppbyggingu Glasgow borgar o.fl.

Samtals kostnaður: 3.381.090 kr.

Félag dönskukennara (og Schæffergaarden DK)**Fagfélag:** Á ekki við**„Litteratur undervisning og den digitale udvikling“****Fjöldi daga:** 6**Fjöldi þátttakenda:** 25**Kennarar**

11.08.14:

Glenn Ringtved

12.08.14:

Hildur Guðrún Hauksdóttir

Jóhanna Hinriksdóttir

Helene Höyrup

13.08.14:

Max Guttman, leiðsögumaður

14.08.14:

Helle Mathiasen

15.08.14:

Mogens Olesen

Námskeiðslýsing

Endurmenntunarnámskeið fyrir dönskukennara í íslenskum framhaldsskólum þar sem áhersla var lögð á bókmennakennslu og þróun stafrænnar tækni. Á mánudegi fengu þátttakendur kynningu á Fondet for Dansk-Norsk Samarbejde sem rekur Schæffergården og styrkti dvöl þeirra þar. Því næst var hópeflisleikur þar sem þátttakendur áttu að vinna saman við að leysa morðgátu. Rithöfundurinn Glenn Ringtved kom og ræddi við þátttakendur um bækur sínar, sér í lagi unglingabókina Dig og mig ved dagry sem hann hlaut verðlaun danska menningarráðuneytisins fyrir fyrr á þessu ári. Þá var haldið í DR Byen, höfuðstöðvar danska ríkisútvarpsins, þar sem skyggst var bak við tjöldin. Á þriðjudegi kynntu Hildur Guðrún Hauksdóttir og Jóhanna Hinriksdóttir, dönskukennarar við MK, reynslu skólans af notkun rafbóka í bókmenntakennslu, og að því loknu settust þátttakendur í vinnuhópa og ræddu sýn sína á efninu. Helene Höyrup, lektor við Det Informationsvidenskabelige Akademi við Kaupmannahafnarháskóla, hélt akademískan fyrirlestur um bókmenntakennslu út frá stafrænum miðlum, og í kjölfarið unnu þátttakendur í vinnustofum. Síðla kvölds kynntust þátttakendur svo umhverfi Schæffergården og sögu Gentofte í gegnum fjársjóðsrátleik. Á miðvikudegi var haldið til Helsingjaeyrar og Helsingjaborgar þar sem leiðsögumaðurinn og fornumasalinn Max Guttman leiddi þátttakendur í allan sannleik um sögu borganna. Á fimmtudegi kom Helle Mathiasen, prófessor við Center for Undervisningsudvikling og Digitale Medier við Árósháskóla og kynnti niðurstöður langtímarannsóknar á viðhorfum danskra menntaskólanema til kennslu og kennsluaðferða. Síðdegis var svo farið í heimsókn í Svarta demantinn, höfuðstöðvar Konunglega bókasafnsins, þar sem fengið var að kíkja í

bókageymslur og á aðra leynda staði, áður en haldið var í göngu á glæpaslóðir í miðborg Kaupmannahafnar. Á föstudegi kom Mogens Olesen, lektor við Institut for Nordiske Studier og Sprogvidenskab við Kaupmannahafnarháskóla og hélt erindi og stjórnaði vinnustofum um nám í rafrænu umhverfi. Síðdegis var svo farið í heimsókn til bókaforlagsins Gyldendal, þar sem þátttakendur fengu kynningu á Litteraturportalen, nýjum vef forlagsins fyrir bókmenntakennslu í dönskum framhaldsskólum. Á laugardagsmorgni var svo sest í hópa og afrakstur vikunnar ræddur.

Samtals kostnaður: 4.992.197 kr.

Félag kennara í málmiðngreinum

Fagfélag: Á ekki við

1. „Aflstuðull í fjölfasa rafmagni skipa.“
2. „Fasaleiðréttingu aflvéla.“
3. „Stýrt viðhald“
4. „Umræða um vélarúm verkleg kennsla“

Fjöldi daga: 4

Fjöldi þátttakenda: 28

Kennarar

1. Vilhjálmur Kristjánsson
2. Þorsteinn Friðriksson
3. Þorsteinn Friðriksson
4. Vélstjórar af M/S Sunshine.

Námskeiðslýsing

Kennslan fór fram í sal M/S Sunshine.

1. Aflstuðull í fjölfasa rafmagni skipa.
2. Fasaleiðréttingu aflvéla.
3. Stýrt viðhald

Kennarar fengu gögn afhent við upp haf kennslu og svo var power point varpað upp á skjá. Að sjálfsögðu urðu miklar og góðar umræður þar sem svo margir sérfræðingar voru þarna. Það er erfit að lýsa kennslu um borð í skipi en svona var þetta.

4. Umræða um vélarúm verkleg kennsla

Til okkar koma 2 vélstjórar sem kunnu litla ensku en hvað um það.

Þeir kynntu fyrir okkur vélarúmið og það sem helst var spurt um.

T.d að rafmagnseyðis skipsins var jöfn á dags basis og öll raforkunotkun Akureyrar.

Samtals kostnaður: 1.260.000 kr.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Fagfélag: FATEX, fél fata-/textílkenn frh

„Stafræn hönnun í textílkennslu“

Fjöldi daga: 3

Fjöldi þátttakenda: 12

Kennarar

Soffía M Magnúsdóttir, textílkennari og kennari í FabLab

Námskeiðslýsing

Stafræn tækni, frjáls hugbúnaður og textíll.

Snert á mörgum þáttum hönnunar í FabLab smiðju. Kennt er á teikniforrit sem henta fyrir hönnun og auka fjölbreytileika við textílkennslu. Kynnast möguleikum með stafrænum framleiðsluaðferðum í laserskera, vínylskera og fræsivélum. Ætla mætti að námskeiðið nýttist kennurum til að kynnast nýjustu aðferðum innan textíliðnaðarins og hanna áhöld fyrir greinina í 2vídd og 3vídd. Námskeiðið brúar bil á milli stafrænnar hönnunar, stærðfræði, tækni, færni og nýsköpunar.

Á námskeiðinu er fjallað um hönnun, sköpun, stafræna tækni og frjálsan hugbúnað, úrvinnslu og öðruvísi þekkingu.

Kennarar fá nýja þekkingu inn í kennsluna og möguleika að nýta FabLabsmiðju, nýjar framleiðsluaðferðir í iðnaði og aukna tæknilæsi.

Samtals kostnaður: 851.382 kr.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Fagfélag: 3F Félag um upplýsingat/menntun

„Upptökur og miðlun efnis“

Fjöldi daga: 2

Fjöldi þátttakenda: 30

Kennarar

Sólveig Friðriksdóttir og Jóhanna Geirsdóttir

Námskeiðslýsing

Miðvikudagur 11. júní 2014 - Upptökur á efni og samsetning

8:30 - 12:00 Inngangur að námskeiðinu - Verkfærin og möguleikarnir - Stærðarhlutföll -
Upptökur af skjá með Camtasia

13:00 - 15:30 Upptökur af skjá með Camtasia - PowerPoint og fyrirlestrar - Klippingar og
myndvinnsla með Camtasia - Texti og grafík - Tónlist - Myndskeið verður til

Fimmtudagur 12. júní 2014 - Miðlun efnis á YouTube og vef/Moodle

8:30 - 12:00 Upptökur með öðrum tækjum - Klippingar og myndvinnsla með Camtasia

13:00 - 15:30 YouTube eða Vimeo - Rásir á YouTube - Fleiri leiðir til miðlunar

Samtals kostnaður: 1.144.000 kr.

Félag enskukennara (og University of East Anglia)

Fagfélag: Félag enskukennara á Íslandi

„Bringing Literature Alive: The Wild Woods of England
UK Professional Study Experience“

Fjöldi daga: 8

Fjöldi þátttakenda: 16

Kennarar

Ghasoub Abed
Helena Valtýsdóttir
Lilja Héðinsdóttir
Kristen Mary Swenson
Eva Hallvarðsdóttir
Helena María Smáradóttir
Björk Ingadóttir
Þórhildur Lárusdóttir
Harpa Jörundardóttir
Baldvin B. Ringsted
Lilja A. Guðmundsdóttir
Tamara Soutourina
Páll Jakob Malmberg
Sólrún Inga Ólafsdóttir
Íris Rut Agnarisdóttir
Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir

Námskeiðslýsing

Markmið: Að veita innsýn á menningatengd efni. Námskeiðið miðar að því að auðvelda kennurum að vekja áhuga nemenda á engilsaxneskum bókmenntum bæði klassískum og nýrri. Námskeiðið er skipulagt af háskólakennurum við háskólann í Austur Englandi.

Samtals kostnaður: 954.930 kr.

Verzlunarskóli Íslands

Fagfélag: Samtök kennara í viðsk-/hagfrgr

„Viðskiptasiðferði og samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja“

Fjöldi daga: 1

Fjöldi þátttakenda: 21

Kennarar

Ketill B. Magnússon

Námskeiðslýsing

Ketill kynnti kenningar um siðferði einstaklinga í viðskiptum, kenningar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja (CSR) sem og kenningar um siðferðilegan grundvöll viðskipta yfirleitt. Stuðst var við raundæmi úr íslensku og alþjóðlegu viðskiptalífi.

Samtals kostnaður: 338.500 kr.

Fræðslunet suðurlands

Fagfélag: Félag íslenskra framhaldsskóla

„Heilsuefling í framhaldsskólum“

Fjöldi daga: 2

Fjöldi þátttakenda: 39

Kennarar

Bryndís Jóna Jónsdóttir mannauðsstjóri í Flensborg.
Valgeir Sigurðsson sjúkráþjálfari - frá Vinnuvernd.
Ólafur Kári Júlíusson MSc. í vinnusálfræði - frá Vinnuvernd.
Elísabet Margeirsdóttir næringafræðingur.

Námskeiðslýsing

Fjallað verður um: Núvitund (*Mindfulness*) í skólastarfi. Líkamsbeitingu og vinnutækni. Streitu og streitustjórnun. Holla næringu. Komið verður inn á kenningar, rannsóknir og aðferðafræði þessara þátta. Hópa vinna verður í lok námskeiðs þar sem umfjöllunarefnum verður deilt niður á hópa og skil gerð.

Samtals kostnaður: 783.442 kr.

Háskóli Íslands - Endurmenntun

Fagfélag: STÍL, samtök tungumálakennara

„Mat á munnlegri færni A2, B1, B2“

Fjöldi daga: 2

Fjöldi þátttakenda: 29

Kennarar

Sylvie Lepage

Námskeiðslýsing

Fjallað um munnlegt námsmat á grundvelli Evrópurammans (þrep A2, B1, B2) og aðalnámskráa framhaldsskóla, en þar segir að „námsmat skal byggja á margvíslegum námsmatsaðferðum og fela í sér traustar heimildir um hæfni nemenda. Þess skal gætt að námsmatið taki til allra þátta námsins þannig að þekking nemenda, leikni og hæfni auk framfara sé metin.

Samtals kostnaður: 798.639 kr.

Háskóli Íslands - Endurmenntun

Fagfélag: Félag frönskukennara á Íslandi

„Pédagogie de l’oral: favoriser les interactions en classe de FLE“

Fjöldi daga: 2

Fjöldi þátttakenda: 13

Kennarar

Yaelle Sultan

Námskeiðslýsing

Fjallað um nýjar aðferðir til að auka tjáskipti nemenda í kennslustofu og uppgötva ýmis kennslugögn sem nýta má í þessum tilgangi.

Samtals kostnaður: 721.078 kr.

Háskóli Íslands - Endurmenntun

Fagfélag: Félag raungreinakennara

„Stjarneðlisfræði“

Fjöldi daga: 2

Fjöldi þátttakenda: 18

Kennarar

Sverrir Guðmundsson

Sævar Helgi Bragason

Námskeiðslýsing

Markmið námskeiðsins er að dýpka þekkingu kennara á þróun og myndun sólstjarna og vetrarbrauta. Auka áhuga á fyrirbærum himingeimsins sem nýtist við að fræða nemendur bæði í formlegri kennslu sem og utan dagskrár.

Samtals kostnaður: 690.800 kr.

Háskóli Íslands - Endurmenntun

Fagfélag: Samtök líffræðikennara, Samlíf

„Örverufræði“

Fjöldi daga: 3

Fjöldi þátttakenda: 28

Kennarar

Dr. Guðmundur Óli Hreggviðsson, líffræðingur, fagstjóri hjá Matís og prófessor í örverufræði hjá Háskóla Íslands.

Dr. Snædís Björnsdóttir, líffræðingur, verkefnisstjóri hjá Matís og aðrir gestafyrirlesarar.

Námskeiðslýsing

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist aukna þekkingu á örverum, eiginleikum þeirra og hlutverkum, kynnist helstu rannsóknum í örverufræði og sérstöðu þeirra hér á landi og geti miðlað þekkingu sinni áfram til nemenda á grunn- og framhaldsskólastigi.

Samtals kostnaður: 1.083.360 kr.

Háskóli Íslands - Endurmenntun**Fagfélag:** Félag starfsbrautakennara í framhaldsskólum-FSF**„Rafrænir kennsluhættir“****Fjöldi daga:** 2**Fjöldi þátttakenda:** 28**Kennarar**

Póra Halldóra Gunnarsdóttir

Jóhann Arnarson

Námskeiðslýsing

Á námskeiðinu kynast þátttakendur rafrænum kennsluháttum og hvernig hægt er að nýta snjalltæki við kennslu og skipulag á starfsbrautum. Á námskeiðinu er farið í hvernig best er að stilla spjaldtölvur að þörfum nemenda þannig hún mæti þörfum þeirra sem best. Þátttakendur fá kynningu á forritinu Nearpod sem er rafræn glærusýning þar sem kennarinn getur fylgst með hvað nemendur eru að læra meðan á henni stendur. Þátttakendur fá æfingu í að gera sína eigin glærusýningu. Farið er yfir smáforrit sem hægt er að nota til að setja upp bæði dagskipulag og verkefni í ýmsum greinum. Skoðaðir möguleikar á að hafa námsmat rafrænt og hvar hægt er að varðveita gögnin á einum stað. Spegluð kennsla er kynnt fyrir þátttakendum og hvaða forrit er hægt að nota. Skoðað er hvernig hægt er snjallsíma nemenda og QR kóða í kennslu.

Samtals kostnaður: 893.190 kr.

Háskóli Íslands - Endurmenntun

Fagfélag: Félag íslenskra myndlistarkenn

„Námskeið í grafík og bókagerð“

Fjöldi daga: 4

Fjöldi þátttakenda: 13

Kennarar

Anna Snædís Simarsdóttir

Elva J. Hreiðarsdóttir

Námskeiðslýsing

Farið yfir nokkrar tegundir af listgrafík þar sem unnið var með ýmiss konar efnivið sem getur bæði verið sjálfstætt verk eða efniviður í áframhaldandi bókagerð. Áhersla lögð á aðferðir sem nýtast í skólastofunni. Farið yfir nokkrar gerðir af bókbandi og brotum. Einnig farið yfir atriði er snúa að handbókbandi er byggja á "artist books". Handgerðar bækur eru oftast unnar í litlu upplagi. Þátttakendur fengu tækifæri til að útbúa sínar handgerðu bækur sem nýtast munu í kennslustofunni.

Samtals kostnaður: 965.828 kr.

Háskóli Íslands - Endurmenntun

Fagfélag: Samtök sálfr/uppeldisfr kennara

„Nýtt námsefni - nýjar hugmyndir“

Fjöldi daga: 2

Fjöldi þátttakenda: 20

Kennarar

Aldís Guðmundsdóttir, Lilja Ósk Úlfarsdóttir, Valgerður Ólafsdóttir, Hildigunnur Gunnarsdóttir, Oddný Jónsdóttir, Alda Sigmundsdóttir, Gunnar Árnason, Sigrún Harðardóttir

Námskeiðslýsing

Fjallað um námsefnisgerð í uppeldisfræði og sálfræði og verður leitað leiða til að bæta úr þeim skorti sem er á námsefni í þessum faggreinum.

Samtals kostnaður: 606.690 kr.

Háskóli Íslands - Endurmenntun

Fagfélag: FLÍF-Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum

„Hvernig kennum við fjármálalæsi?“

Fjöldi daga: 2

Fjöldi þátttakenda: 26

Kennarar

Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir

Breki Karlsson

Hólmfríður Sigþórsdóttir

Námskeiðslýsing

Námskeiðinu er ætlað að styrkja kennara ennfrekar í kennslu fjármálalæsis. Farið er yfir efnistöð og fjölbreyttar og áhugaverðar kennsluaðferðir í kennslunni. Þá verður skoðað og kynnt námsefni í fjármálalæsi af ýmsum toga.

Samtals kostnaður: 797.800 kr.

Háskóli Íslands - Endurmenntun

Fagfélag: Fagfélag hársnyrtikennara

„Pivot point með Norheim“

Fjöldi daga: 2

Fjöldi þátttakenda: 20

Kennarar

Nancy Norheim

Námskeiðslýsing

Farið var yfir Online learning system frá Pivot point. Verklýsingar og fleiri nýjungar frá Pivot point sem nýtist vel við kennslu.

Samtals kostnaður: 1.103.842 kr.

Háskóli Íslands - Endurmenntun

Fagfélag: Samtök móðurmálskennara

„Rödd, raddbeiting og frásagnarlist“

Fjöldi daga: 2

Fjöldi þátttakenda: 13

Kennarar

Valdís Jónsdóttir-talmeinafræðingur, Einar Káráson,-skáld, Bjarki Sveinbjörnsson - tónlistarfræðingur, Kjartan Ragnarsson.

Námskeiðslýsing

Farið í eftirfarandi þætti: Rödd og raddbeiting (fyrirlestur og æfingar) Frásagnarkvæði til forna (fyrirlestur) Upplestur, frásögn og sagnahefð á Íslandi (fyrirlestur) Sögusetrið í Borgarnesi heimsótt. Söngur og sagnalist (tónlistaflutningur)

Samtals kostnaður: 517.482 kr.